

## VII. KAFLI

## Um breytingar samþykktá og hvernig samþykkt verði úr gildi fellð.

## 25. gr.

Tillögur, er fram kunna að koma til breytinga á samþykkt þessari frá hreppabúnaðarfélagum eða framkvæmdastjórn, skulu sendar Jarðræktarsambandinu Hjörleifur, er sendir þær til allra búnaðarféлага á sambandssvæðinu til umsagnar. Þær skulu síðan lagðar fyrir aðalfund jarðræktarsambandsins. Samþykki löglegur aðalfundur breytingarnar með að minnsta kosti  $\frac{3}{5}$  atkvæðisbærra fulltrúa, skal stjórn sambandsins senda breytingarnar Búnaðarfélagi Íslands, er leitar staðfestingar landbúnaðarráðherra á þeim.

## 26. gr.

Samþykkt þessa má því aðeins nema úr gildi, að rökstutt álit meiri hluta samþykktaraðila liggja fyrir um það, að tilgangi samþykktar verði ekki náð og lögmatúr aðalfundur jarðræktarsambandsins samþykki það með að minnsta kosti  $\frac{3}{5}$  atkvæðisbærra fundarmanna, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til.

## 27. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið að hætti opinberra mála. Geta þau varðað sektum frá 100—5000 krónum, nema þyngri hegning liggja við að lögum.

## 28. gr.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 7 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Landbúnaðarráðuneytið, 28. október 1968.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

Nr. 290.

## REIKNINGUR

## Minningarsjóðs Þórleifar Kr. Sigurðardóttur frá Kóngsbakka árið 1967.

## Tekjur :

1. Eignir frá fyrra ári .....	kr. 35 554.86
2. Vextir 1967 .....	— 3 324.06
3. Vaxtabætur Söfnunarsjóðs .....	— 102.16
4. Innlagt á árinu .....	— 100 00
	<hr/>
	Kr. 39 081.08

## Gjöld :

1. Innstæða í Söfnunarsjóði í árslok .....	kr. 39 081.08
	<hr/>
	Kr. 39 081.08

Kóngsbakka ytri, 8. ágúst 1968.

Haukur Sigurðsson.

Sigurborg Magnúsdóttir.

Aðalheiður Bjarnadóttir.